

Nd.

594. Breytingartillögur

[150. mál]

við frv. til l. um afnám l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og laga nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

Frá fjárhagsnefnd.

1. 1. gr. frv. orðist svo:

Ríkisendurskoðunin skal annast eftirlit með sjóðum þeim í landinu, sem hlotið hafa staðfestingu forseta (konungs) á skipulagsskrá, svo og öðrum hliðstæðum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið með framlögum einstaklinga, félaga eða stofnana.

Rísi ágreiningur um það, hvort sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

2. 2. gr. frv. orðist svo:

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og lög nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

3. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um eftirlit með opinberum sjóðum.